

Verkefnisstjórn rammaáætlunar
Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. júní 2024
Málsnúmer: 202406-0013
SS/LA

Efni: Umsögn um drög verkefnisstjórnar að flokkun fimm virkjunarkosta.

Vísað er í bréf frá umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytinu fyrir hönd verkefnisstjórnar rammaáætlunar, sem barst þann 7. júní 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands í Samráðsgátt stjórnvalda, um drög að flokkun verkefnisstjórnar að flokkun fimm virkjunarkosta – fjórum vatnsaflskostum og einum jarðhitakosti.

Tími til að veita umsögn um drögin er afar knappur samkvæmt hinu lögbundna kynningarferli, eða einungis tvær vikur. Engu að síður er um viðamikið umfang gagna að ræða sem til kynningar eru. Náttúrufræðistofnun hefur ekki gefist tími til að kynna sér öll gögnin á fullnægjandi hátt og mun því í þessari umsögn einungis veita almenn fyrstu viðbrögð við þeirri niðurstöðu sem kynnt er í drögum að flokkun verkefnisstjórnarinnar. Ítarlegri umsögn verður veitt á síðari kynningartíma þegar endanleg tillaga verkefnisstjórnar verður auglýst en sá kynningartími er mun rýmri. Náttúrufræðistofnun vill því benda á að ábendingar í þessari umsögn eru ekki tæmandi og geta mögulega tekið einhverjum breytingum síðar ef ástæða þykir.

Niðurstaðan um flokkun virkjunarkostanna sem kynnt er í drögum verkefnisstjórnunar er sú að lagt er til að einn virkjunarkostur, Hamarsvirkjun á Austurlandi, fari í verndarflokk en að hinir fjórir fari í nýtingarflokk en það eru Hvanneyrardalsvirkjun, Skúfnavatnavirkjun og Tröllársvirkjun sem eru allar á Vestfjörðum og Bolaölduvirkjun sem er eini virkjunarkosturinn í jarðvarma.

Nauðsynlegt er að ákvarðanataka um flokkun virkjanakosta byggji á fullnægjandi heimildum. Í október 2023 var óskað eftir því að Náttúrufræðistofnun legði mat á gæði gagna virkjanakosta í 5. áfanga rammaáætlunar. Niðurstaðan á mati stofnunarinnar var að verulega vantar upp á náttúrufarsrannsóknir á Vestfjörðum, þá sérstaklega er varðar jarðminjar og fuglalíf. Þá hefur verið bent á af öðrum aðilum að almennt er þörf á frekari rannsóknum á lífríki stöðuvatna og straumvatna á hásléttu Vestfjarða. Að mati Náttúrufræðistofnunar er óheppilegt að ákvarðanir séu teknar án þess að þekking sé nægilega góð um þá matsþætti er taka þarf tillit til. Við áframhaldandi mat á umhverfisáhrifum virkjunarkosta sem hér um ræðir er mikilvægt að bætt sé úr því og farið í frekari rannsóknir eins og við á. Þegar óvissa er til staðar um umhverfisáhrif vegna skorts á upplýsingum er það algeng niðurstaða að virkjunarkostir séu settir í biðflokk í meðferð verkefnisstjórnunar rammaáætlunar, en það var ekki gert í þetta sinn.

Náttúrufræðistofnun er sammála þeirri niðurstöðu verkefnisstjórnar að Hamarsvirkjun fari í verndarflokk og telur rök fyrir þeirri niðurstöðu skýr. Það er fyrst og fremst vegna þess að ýmsir náttúrufarsþættir sem yrðu fyrir áhrifum af virkjun Hamarsár eru metnir með hátt eða mjög hátt verndargildi og leiðir það til þess að sú heildareinkunn sem tilgreind er fyrir virkjunarkostinn í skýrslu faghóps 1 er há fyrir bæði verðmæti og áhrif. Heildareinkunn fyrir verðmæti



náttúrufarsþátta er með þeim hæstu sem metnir hafa verið í samanburði við aðra virkjunarkosti. Þar vegur þýngst hátt verðmætamat á landslagi, víðernum, jarðminjum og vatnafari.

Virkjunarkostirnir þrír á Vestfjörðum, Hvanneyrardalsvirkjun, Skúfnavatnavirkjun og Tröllárvirkjun, eru með sambærilega heildareinkunn sín á milli þegar kemur að mati faghóps 1 á verðmæti náttúrufarsþátta og verða þær einkunnir einnig að teljast í hærri kantinum þegar þær er bornar saman við aðra virkjunarkosti og í raun lítið eitt minni en heildareinkunn Hamarsvirkjunar. Þegar horft er til einstakra náttúrufarsþátta er ljóst að verðmæti og viðkvæmni víðerna eru metin sérstaklega hátt fyrir alla þrjá virkjunarkosti enda er Glámusvæðið og víðernin sunnan af Drangajökli í senn víðfeðm og lítt snortin og með stærri víðernissvæðum utan miðhálandis á Íslandi. Verndargildi þeirra er því afar hátt á landsvísu sem endurspeglast jú í mati faghóps 1.

Engu að síður er stefnt að því að flokka virkjunarkostina í nýtingarflokk. Eins og áhrifamat faghóps 1 sýnir eru áhrif af nýtingu einna mest á víðerni og landslag í tilfellum vatnsaflsvirkjananna á hálendi Vestfjarða. Fram kemur í greinargerð verkefnisstjórnar að verndargildi þess víðernis sem eftir stendur eftir að rask vegna virkjanaframkvæmda hefur átt sér stað, muni aukast. Náttúrufræðistofnun er ekki alveg sammála þessari niðurstöðu því verndargildi víðerna felst einna helst í stærð þeirra og samfellu og við það að þau skerðist þá hlýtur það að leiða til rýrnunar á verndargildi. Hægt er að taka undir það að mikilvægi þess að vernda þau víðernissvæði sem eftir standa mun aukast eftir því sem víðernum almennt fækkar en verndargildið mun ekki aukast þar sem víðerni skerðast því það er auðvitað meira verndargildi í víðernum sem fá að standa óbreytt og sem skerðast ekki. Með því að færa starfsemi inn á víðerni eykst jafnframt hættan á að ófyrirséð rask gerist á þeim hlutum sem ekki stefnt er að því að raska t.d. vegna aukinnar umferð af ýmsum toga.

Í umfjöllun og ákvarðanatöku verkefnisstjórnar ætti að mati Náttúrufræðistofnunar einnig að skoða hvort og hvernig sammögnunaráhrif við aðrar framkvæmdir sem raska náttúrufari á þeim svæðum sem um ræðir geta komið til með að verða. Í tilfelli hálendissvæða Vestfjarða eru nú þegar aðrir virkjunarkostir í undirbúningi eða til umfjöllunar. Þar má nefna virkjunarkosti sem þegar hafa verið metnir á vettvangi rammaáætlunar svo sem Hvalárvirkjun og Austurgilsvirkjun en ljóst er að ásamt Skúfnavatnavirkjun munu þessar þrjár virkjanir valda mjög umfangsmikilli og útbreiddri röskun á víðernum austarlega á Vestfjarðakjálkanum.

Á Glámusvæðinu er Botnsvirkjun í Dýrafirði í undirbúningi sem og stækkun Mjólkársvirkjunar. Báðar framkvæmdir eru minni en svo að fjallað sé um þær á vettvangi rammaáætlunar en þær valda lítills háttar skerðingum á víðernum vestast á Glámusvæðinu. Þá hefur komið til tals að afnema eða breyta friðlýsingu Vatnsfjarðar til að geta virkjað Vatnsdalsá og myndi sú framkvæmd valda töluverðu raski á víðernum á suðvesturhluta Glámusvæðis. Ef af Hvanneyrardalsvirkjun, Tröllárvirkjun, Botnsvirkjun, stækkun Mjólkár og virkjun í Vatnsfirði verður er ljóst að samtals mun það þýða verulega mikla röskun á víðernum Glámusvæðisins og þeim yrði í raun að stórum hluta förnað undir virkjunarmannvirki og -starfsemi. Það yrði óásættanleg niðurstaða að mati Náttúrufræðistofnunar og engan vegin í takt við markmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um verndun víðerna og landslags sem og alþjóðleg markmið og áherslur um mikilvægi þess að vernda ósnortin víðerni. Náttúrufræðistofnun telur að ef af Hvanneyrardals- og/eða Tröllárvirkjun verður þá eigi virkjun í Vatnsfirði lítið sem ekkert erindi,

enda neikvæð umhverfisáhrif af henni margs konar og einskorðast ekki við víðernarask. Nauðsynlegt er að mati Náttúrufræðistofnunar að skoða allar þessar virkjanahugmyndir í samhengi þegar frekari ákvarðanir eru teknar um virkjunaráform á þessum slóðum.

Verkefnisstjórn rammaáætlunar metur sem svo að til að tryggja megi orkuöryggi á Vestfjörðum sé réttlætanlegt að raska lítt snortnum víðernum Vestfjarða með virkjunum. Hversu mikið rask sé ásættanlegt í því ljósi þarf að ígrunda vandlega og horfa ætti til allra leiða við að lágmarka það eins og hægt er. Þá er mjög mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar að huga að því hvað ákvarðanataka um einstaka virkjanakosti þýðir fyrir stöðu víðerna og verndunar þeirra á landinu öllu en lítið hefur áunnist að vernda til framtíðar víðerni landsins hingað til. Í því samhengi er það jákvætt að lagt er til að víðernum upp af Hamarsfirði á Austurlandi verði hlíft og í ljósi þess ætti að skoða hvernig tryggja má enn frekari verndun víðerna á þeim slóðum.

Varðandi jarðvarmavirkjunarkostinn í Bolöldu þá kemur það Náttúrufræðistofnun nokkuð á óvart að kosturinn fái svo lága einkunn hjá faghópi 1 með tilliti til verðmætis náttúrufars þar sem á svæðinu er að finna mjög merkar jarðminjar s.s. Eldborgir við Lambafell, sem mynduðust á sögulegum tíma og eru á náttúruminjaskrá. Þá tengjast eldsumbrotin sögu kristintökunnar á Íslandi árið 1000, þegar Snorri goði mælti „*Um hvað reiddust goðin þá, er hér brann hraunið, er nú stöndum vér á?*“. Hér er um að ræða merkilegt og lítt raskað náttúruminjasvæði í nálægð þéttbýlis og útivistasvæðis Bláfjalla. Þá er virkjanasvæðið á mikilvægu vatnsverndarsvæði fyrir íbúa og fyrirtæki í Ölfusi og eins og fram kemur í greinargerð hefur ekki verið lagt á fullnægjandi hátt mat á áhrif virkjunarinnar á vatnsverndarsvæðið.

Þá líkt og með vatnsaflsvirkjanakostina er nauðsynlegt að mati Náttúrufræðistofnunar að skoða samlegðaráhrif virkjunarkostsins við aðra nálæga jarðvarmanýtingu t.d. Hellisheiðarvirkjun, jarðvarmanýtingu við Hverahlíð og nýja jarðvarmavirkjun sem hafinn er undirbúning að við Meitla, sem er einnig innan svæðis á náttúruminjaskrá, Eldborg undir Meitlum. Ljóst er að öll þessi áform til samans fela í sér rask á merkum jarðminjum á þessum slóðum og miklar breytingar á landslagi. Meta þarf heildstætt hver fórnarkostnaðurinn er við slíkt, ekki síst í ljósi nálægðar svæðisins við stór þéttbýlissvæði sem eykur gildi þess fyrir rannsóknir, fræðslu, náttúruupplifun og útivist.

Eins og áður segir mun Náttúrufræðistofnun veita ítarlegri umsögn þegar verkefnisstjórn leggur fram endanlega tillögu en telur mikilvægt að koma á framfæri þeim ábendingum sem hér hefur verið greint frá á þessu stigi málsins. Þá er ítrekað mikilvægi þess að ákvarðanataka á vettvangi rammaáætlunar sé byggð á fullnægjandi gögnum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs